

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 173/1958. **Ákærvaldið** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Jónasi Guðmundssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til 255. gr. laga nr. 19/1940 og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannaanna Sigurðar Ólasonar og Páls S. Pálssonar, kr. 900,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. ágúst 1958.

Ár 1958, föstudaginn 15. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4219/1958: Ákærvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu 25. júní sl., er Jónas Guðmundsson, nú til heimilis á Bergstaðastræti 9 hér í bæ, ákærður fyrir þjófnað skv. 244. gr. laga nr. 19/1940. Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði laugardagsmorguninn 24. maí sl. með því að stela yfirsæng úr skála C-25 í Kamp Knox.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 19. des. 1910 að Tungu í Skarðs-
hreppi, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1943 29/10 Siglufj. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusam-
þykkt.
- 1947 21/7 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengisl.
- 1952 12/12 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt, 753 kr. skaðabætur fyrir
ölvun, óspektir og spellvirki.
- 1953 6/3 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.
— 7/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 3/11 Rvík. Kærður fyrir skemmdarverk. Fellt niður.
— 20/12 Rvík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður skv. ákv.
256. gr. hegningarlaga.
— 24/12 Rvík. Áminning fyrir ölvun innan húss.
- 1954 18/9 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1955 11/5 Rvík. Dómur, 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti
og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. hegningarl.
- 1956 24/1 Rvík. Dómur, 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti
og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.
- 1957 16/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
— 20/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
— 21/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 21/11 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
— — Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á l. nr. 73/1952.
— — Rvík. Kærður fyrir rúðubrot. Fellt niður.
— 7/12 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1958 15/2 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
— 14/3 Rvík. Dómur, 12 mán. fangelsi, sviptur kosningar-
rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

Málavextir eru þessir:

Að morgni laugardagsins 24. maí síðastl. kom ákærði ölv-
aður í skála C-25 í Kamp Knox, en þar býr Gunnar Ingimundar-
son, sem ákærði kvaðst þekkja. Húsið var ekki læst, og komst
ákærði inn og allt að rúmi húsfreyju, Guðrúnar Magnúsdóttur.
Tók hann hana tali, en hún skipaði ákærða út. Fór ákærði þá
inn í herbergi það, sem Gunnar sefur í, en hann var þá farinn
út. Ákærði tók þá sæng Gunnars og hafði með sér heim. Þegar
Guðrún saknaði sængurinnar, leitaði hún aðstoðar rannsóknar-
lögreglu, og fannst sængin heima hjá ákærða, og var hún í poka
þar utan við húsið. Ákærði gefur þá skýringu á tiltæki sínu, að
hann hafi ætlað að hafa sængina Gunnars hjá sér, ef Gunnar
skyldi koma þar og gista. Er skýring þessi marklaus, og verður

að líta svo á, að ákærði hafi slegið eign sinni á sængina. Sængin var dúnsæng, 2—3 ára gömul. Ákærði hefur samkvæmt þessu gerzt brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga. Ákærði hefur unnið til sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Engin bótakrafa var gerð.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi 45 daga.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 123/1958. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Arnþóri Einarssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Afengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hafþór Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að bifreið sú, sem ákærði ók, hafði lent í árekstri við aðra bifreið á Reykjanesbraut aðfaranótt 22. september 1957, var ákærði fluttur á lögreglustöðina í Reykjavík. Kvaðst hann þá ekki vera undir áhrifum afengis og synjaði þess, að blóðsýnishorn væri úr honum tekið samkvæmt 23. gr. þágildandi bifreiðalaga, nr. 23/1941, og var slík rannsókn látin undan falla vegna andmæla hans.

Þegar rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða hinn 22. september 1957, lýsti hann því í fyrstu, að hann hefði hvorki neytt afengis á dansskemmtuninni í Silfurtunglinu